








ÁRSREIKNINGUR 2011

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla framkvæmdastjórnar Landspítala og staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2011

Landspítali (LSH) starfar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, læknalögum nr. 53/1988, hjúkrunarlögum nr. 8/1974, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 50/1996, lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og öðrum lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem snerta kunna spítalann í heild eða einstaka þætti í starfsemi hans.

Landspítali er þekkingarfyrirtæki og þjónustustofnun í þágu sjúklinga og alls almennings. Spítalinn hefur þrífættu hlutverki að gegna, þ.e. þjónusta við sjúklinga, menntun í heilbrigðisvísindum og rannsóknir. Gildi spítalans eru *Umhyggja, Fagmennska, Öryggi og Framþróun*. Spítalinn leggur áherslu á velferð starfsmanna sinna. Á árinu 2011 störfuðu að meðaltali 4.524 manns á LSH í um 3.641 stöðugildum.

Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda voru heilbrigðisstofnanirnar Landspítali og sjúkrasvið St. Jósefsspítala - Sólvangs í Hafnarfirði sameinaðar 1. febrúar 2011. Við sameininguna var ójafnað eigið fé St. Jósefsspítala - Sólvangs og annað eigið fé, sem samtals var neikvætt um 79,6 m.kr., fært yfir eigið fé Landspítala. Efnahagsreikningur St. Jósefsspítala - Sólvangs við sameininguna var staðfestur af velferðarráðuneyti.

Á árinu 2011 var ársveltan um 42.095 m. kr. Tekjuafgangur var á árinu þar sem rekstrartekjur og ríkisframlag voru 4,8 m. kr. umfram rekstrargjöld. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé spítalans neikvætt um 2.967 m. kr. í árslok 2011. Eignir spítalans nema 1.683 m. kr. en skuldir nema 4.467 m. kr. Þar af er skuld Landspítala við ríkissjóð 2.367 m. kr. í lok árs.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Landspítala fyrir árið 2011 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

Reykjavík, 16. apríl 2012.



Björn Zoëga
forstjóri



María Heimisdóttir
framkvæmdastjóri

Staðfesting ríkisendurskoðanda

Til Landspítala og velferðarráðuneytis

Við höfum endurskoðað ársreikning Landspítala fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landspítalans á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 16. apríl 2012


Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.


Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Tekjur			
Þjónustutekjur	13	2.728.284	2.344.287
Aðrar tekjur	14	823.333	966.752
S-merkt lyf, sala til SÍ	15	4.003.790	3.623.085
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	15	(3.919.020)	(3.542.595)
Tekjur samtals		<u>3.636.387</u>	<u>3.391.529</u>
 Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	16	27.061.128	25.494.474
Vörunotkun	17	6.107.986	5.894.236
Aðkeypt þjónusta og leigugjöld	18	2.919.569	2.882.143
Annar rekstrarkostnaður	19	928.223	1.027.848
		<u>37.016.906</u>	<u>35.298.701</u>
 Stofnkostnaður og endurbætur	20	<u>1.172.787</u>	<u>1.188.361</u>
Gjöld samtals	12	<u>38.189.693</u>	<u>36.487.062</u>
 Tekjuhalli án fjármagnsliða		(34.553.305)	(33.095.533)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	21	<u>18.973</u>	<u>21.342</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(34.534.332)	(33.074.191)
 Ríkisframlag	10, 22	<u>34.539.100</u>	<u>33.145.000</u>
 Tekjuafgangur ársins	10	<u>4.768</u>	<u>70.809</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	2011	2010
Áhættufjármunir			
Hlutabréf	23	2.500	2.500
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6, 24	535.765	528.208
Skammtímakröfur	7, 25, 26	1.127.700	1.158.224
Handbært fé	8	16.953	18.981
Veltufjármunir		1.680.418	1.705.413
Eignir samtals		1.682.918	1.707.913
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
Höfuðstóll í ársbyrjun		(2.889.639)	(2.960.448)
Yfirtekinn höfuðstóll St. Jósefsspítala		(82.251)	0
Tekjuafgangur ársins		4.768	70.809
Ójafnað eigið fé	10	(2.967.123)	(2.889.639)
Annað eigið fé			
Framlag til eignamyndunar		180.494	180.494
Yfirtekið framlag til eignamyndunar St. Jósefsspítala .	10	2.618	0
Annað eigið fé		183.112	180.494
Eigið fé samtals		(2.784.010)	(2.709.145)
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	27	2.366.788	2.537.602
Viðskiptaskuldir	11, 28	2.100.140	1.879.457
Skammtímaskuldir		4.466.928	4.417.059
Eigið fé og skuldir samtals		1.682.918	1.707.914
Eignir utan efnahagsreiknings	31		
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	32		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur ársins.....		4.768	70.809
Veltufé frá rekstri		<u>4.768</u>	<u>70.809</u>
 Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun).....	(	7.557)	51.099
Skammtímakröfur, lækkun.....		30.524	541.211
Viðskiptaskuldir, hækkun.....		220.683	(1.720.722)
		<u>243.650</u>	<u>(1.128.412)</u>
 Handbært fé frá rekstri		<u>248.418</u>	<u>(1.057.603)</u>
 Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar			
Yfirteknar skuldir umfram eignir St. Jósefsspítala	10	(79.633)	0
 Breyting á greiðslustöðu við ríkissjóð:			
Framlag ríkissjóðs.....	(	34.539.100)	(33.145.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		34.368.286	34.205.637
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar		<u>(250.447)</u>	<u>1.060.637</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(	2.029)	3.034
 Handbært fé í ársbyrjun		<u>18.981</u>	<u>15.948</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u><u>16.953</u></u>	<u><u>18.981</u></u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila:

Ársreikningur Landspítala fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum skulu ríkisstofnanir í A-hluta ekki eignfæra varanlega rekstrarfjármuni, heldur gjaldfæra þá á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán eða stofna til skuldbindinga til lengri tíma án sérstakra heimilda. Heimilda hefur verið aflað vegna þeirra langtímaskuldbindinga, sem getið er í þessum ársreikningi.

2. Bókhald og fjármál:

Bókhald Landspítala er fært hjá spítalanum í samræmdu bókhaldskerfi ríkisstofnana. Spítalinn annast sjálfur um allar fjárreiður, forsendur launa og starfsmannahald.

3. Skattar:

Landspítali greiðir ekki tekjuskatt.

4. Skráning tekna:

Sértekjur spítalans eru yfirleitt bókaðar í þeim mánuði sem þær falla til. Heildarframlag ríkisins er fært í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjáráukalaga.

5. Skráning gjalda:

Gjöld spítalans eru samkvæmt meginreglu bókuð í þeim mánuði sem til þeirra er stofnað. Í lok ársins eru áfallin en ógreidd gjöld færð í rekstrarreikning og sem skuldir í efnahagsreikningi.

6. Vörubirgðir:

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði á grundvelli birgðatalninga, að teknu tilliti til niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

7. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur á skuldunauta eru færðar í efnahagsreikning á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna áætlaðs taps á útistandandi kröfum.

8. Handbært fé:

Handbært fé samanstendur af reiðufé í sjóðum og bankainnstæðum.

9. Lífeyrisskuldbinding:

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilavenju A-hluta ríkissjóðs er þessi skuldbinding þó ekki færð í ársreikninginn þar sem heildarskuldbinding ríkisstofnana er færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

SKÝRINGAR

10. Eigið fé:

Ójafnað eigið fé spítalans nemur í lok árs um 2.967 m. kr. Gerð er grein fyrir breytingu eigin fjár á árinu 2011 í meðfylgjandi sundurliðun.

Ójafnað eigið fé 1. janúar 2011	(2.889.639)	
Yfirtekinn höfuðstóll sjúkrasviðs St. Jósefsspítala - Sólvangs	(82.251)	
Rekstrarhalli fyrir ríkisframlag	(34.534.332)	
Ríkisframlag ársins	34.539.100	
	<u>Tekjuafgangur ársins</u>	<u>4.768</u>
		<u>4.768</u>
Ójafnað eigið fé 31. desember 2011	(2.967.122)	

Vísað er til skýrslu stjórnar í ársreikningnum vegna sameiningar Landspítala og sjúkrasviðs St. Jósefsspítala – Sólvangs 1. febrúar 2011. Auk ójafnaðs eigin fjár að fjárhæð 82.251 þús. kr., yfirtók Landspítali einnig framlag til eignamyndunar að fjárhæð 2.618 þús. kr. (annað eigið fé).

11. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Sundurliðanir og skýringar

12. Starfsþáttagreining:

Samkvæmt stjórnskipulagi sjúkrahússins árið 2011 skiptist það í 14 aðskildar rekstrareiningar. Stofnkostnaður og tækjakaup eru meðtalin í kostnaði utan sviða. Kostnaður rekstrareininga árið 2011 greinist á eftirfarandi hátt, en við samanburð við fjárhæðir árið 2010 verður að hafa í huga að töluverðar breytingar urðu á skipulagi spítalans árið 2011.

	2011	2010
Skrifstofa forstjóra.....	314.903	299.101
Mannauðssvið.....	154.197	269.956
Fjármálasvið.....	765.923	578.747
Rekstrarsvið.....	3.912.733	3.773.281
Vísinda-, mennta og nýsköpunarsvið.....	285.940	313.751
Lyflækningasvið.....	9.294.440	8.683.201
Skurðlækningasvið.....	8.617.744	8.017.020
Geðsvið.....	3.127.592	3.020.280
Kvenna- og barnasvið.....	4.135.373	3.163.906
Rannsóknarsvið.....	3.792.166	3.929.792
Bráðasvið.....	2.354.594	1.911.541
Klínísk stoðþjónusta framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar.....	434.649	1.459.659
	<u>37.190.253</u>	<u>35.420.235</u>
Utan sviða.....	999.439	1.066.826
Samtals	<u>38.189.693</u>	<u>36.487.061</u>

SKÝRINGAR

13. Þjónustutekjur:

Þjónustutekjur fela í sér tekjur spítalans af eiginlegri heilbrigðisþjónustu til einstaklinga, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk leigu á ýmsum hjálpartækjum vegna sjúkdóma. Tekjur af þessari þjónustu hækka frá árinu 2010 um 16,4%.

	2011	2010
Rannsóknir.....	1.163.043	1.104.377
Komur á göngudeildir og bráðadeildir	589.379	525.494
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum.....	430.419	211.189
Sérfræðiþjónusta, önnur.....	379.776	340.136
Hjálpartæki og önnur seld þjónusta.....	165.667	163.090
Samtals	2.728.284	2.344.286

14. Aðrar tekjur:

Aðrar tekjur spítalans samanstanda af ýmsum tekjuliðum, öðrum en tekjum af eiginlegri heilbrigðisþjónustu. Þessi liður lækkar um 14,8% á milli ára.

Selt fæði.....	2.703	38.512
Rannsókn- og þróunarverkefni.....	94.959	102.467
Önnur seld þjónusta.....	87.973	91.033
Framlög opinberra aðila.....	76.002	330.780
Framlög og gjafir.....	228.249	116.842
Vörusala.....	83.422	84.243
Leigutekjur.....	83.241	86.850
Aðrar tekjur.....	166.784	116.025
Samtals	823.333	966.752

15. S-merkt lyf:

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) bera ábyrgð á S-merktum lyfjum sjúklinga á dag- og göngudeildum. Landspítali annast innkaup lyfjanna en gerir endurkröfu með tekjureikningum á SÍ.

S-merkt lyf, sala til SÍ án vsk og álagningar	3.919.017	3.542.470
S-merkt lyf, álagning og blöndunargjöld	84.773	80.615
S-merkt lyf, endurkræfur kostnaður	(3.919.020)	(3.542.595)
Samtals	84.770	80.490

16. Laun og launatengd gjöld:

Launagjöld Landspítala hækka um 6,1% frá fyrra ári.

Dagvinnulaun.....	15.685.108	14.972.338
Yfirvinna.....	1.781.568	1.690.674
Álagsgreiðslur.....	3.467.747	3.333.114
Önnur laun.....	823.528	513.156
Launatengd gjöld.....	5.303.177	4.985.192
Samtals	27.061.128	25.494.474

SKÝRINGAR

Ársverk starfsmanna Landspítala voru 3.641 að meðaltali á árinu 2011, en þau voru til samanburðar 3.648 á árinu 2010. Fækkun hefur því orðið á stöðugildum á árinu. Á árinu 2011 voru 4.524 starfsmenn að störfum að meðaltali í hverjum mánuði á spítalanum í mismunandi starfshlutfalli, en til samanburðar var sá fjöldi 4.509 á árinu 2010. Miðað er við alla starfsmenn sem verið hafa á launaskrá, bæði dagvinnufólk og tímavinnufólk.

17. Vörunotkun:

Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir hinum ýmsu liðum vörukaupa, að teknu tilliti til birgðabreytinga þar sem við á. Kostnaður vegna vörunotkunar hækkar um 3,6% á milli ára. Í skýringu nr. 24 má sjá vörubirgðir í lok áranna 2011 og 2010.

	2011	2010
Lækninga- og hjúkrunarvörur	2.877.850	2.743.636
Lyf	1.331.550	1.350.321
Rannsóknarvörur.....	747.847	709.736
	<u>4.957.247</u>	<u>4.803.693</u>
Matvæli.....	416.265	442.863
Orkugjafir.....	316.462	247.444
Tímaritaáskrift, bækur og skrifstofuvörur.....	173.175	182.063
Byggingavörur.....	98.284	77.314
Lín, fatnaður og hreinlætisvörur.....	146.552	140.859
	<u>1.150.738</u>	<u>1.090.543</u>
Samtals	<u>6.107.986</u>	<u>5.894.236</u>

18. Aðkeypt þjónusta og leigugjöld:

Aðkeypt þjónusta og leigugjöld nema samtals 2.919 m. kr. á árinu 2011. Þessi liður hækkar um 1,3% milli ára. Stærstu kostnaðarliðirnir eru ýmis konar aðkeypt sérfræðiþjónusta og verkkaup auk leigu- og leyfisgjalda.

Sérfræðiþjónusta.....	873.412	990.659
Verkkaup.....	855.183	759.437
Leigu- og afnotagjöld.....	461.074	482.210
Ferðir, fundir, risna o.fl.	272.788	236.548
Aðkeyptur akstur.....	257.547	226.500
Flutningaþjónusta.....	97.318	85.946
Annað.....	102.247	100.843
Samtals	<u>2.919.569</u>	<u>2.882.143</u>

SKÝRINGAR

19. Annar rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samanstendur meðal annars af fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, framlögum til rannsókna og kaupum á ýmsum búnaði og minniháttar tækjum. Kostnaðurinn lækkar um 9,7% milli ára.

	2011	2010
Opinber gjöld og tryggingar.....	372.066	375.160
Framlag til rannsókna og gæðaverkefna.....	165.285	173.145
Tæki, áhöld, varahlutir.....	327.084	316.442
Ýmis óreglulegur kostnaður.....	63.788	163.101
Samtals	928.223	1.027.848

20. Stofnkostnaður og endurbætur:

Stofnkostnaður spítalans felur m.a. í sér nýkaup á margs konar tækjabúnaði og á fasteignum, ásamt endurbótum á húseignum og lóðum.

Tækjakaup.....	761.037	697.708
Endurnýjun Slys- og bráðamóttaka.....	12.302	130.528
Viðbygging Slys- og bráðamóttaka.....	680	55.049
Dauðhreinsun, Tunguháls.....	0	85.469
BUGL - endurinnrétting.....	0	61.286
Endurnýjun gamla Blóðbankans.....	0	45.404
Endurnýjun, A-4.....	0	45.383
Ritarmiðstöð.....	0	11.685
Hringurinn sölubúð.....	0	9.955
Röntgenstofur.....	0	8.823
Endurinnrétting, hús 14.....	0	4.727
Endurnýjun 22A.....	82.650	0
Endurinnrétting, Kleppur.....	49.516	0
Öryggisgarður, Kleppur.....	11.218	0
Grensás, endurbygging.....	45.197	0
Endurnýjun göngudeildir 10 E - G.....	42.394	0
Endurnýjun skrifstofur og göngudeild, E4 og B3.....	34.637	0
Speglun, 11D.....	27.284	0
Eldvarnir Hringbraut.....	21.411	0
Endurnýjun starfsmannaaðstöðu.....	19.332	0
Endurnýjun geðdeild.....	16.060	0
Endurnýjun lyftu, aðalbygging.....	13.155	0
Apótek.....	13.285	0
Tunguháls, þak.....	10.580	0
Endurinnrétting líknardeildar.....	5.684	0
Annað.....	6.362	32.343
Samtals	1.172.787	1.188.360

SKÝRINGAR

21. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur spítalans eru einkum af kröfum á skuldunauta. Þær kröfur, þ. á m. vaxtakröfur, eru færðar niður í árslok vegna þekktrar eða metinnar tapsáhættu, sbr. skýringu nr. 26.

	2011	2010
Vaxtatekjur.....	30.193	70.043
Gengismunur.....	(3.930)	541
Vaxtagjöld.....	(7.290)	(49.242)
Samtals	18.973	21.342

22. Fjárheimildir og rekstur:

Á fjárlögum ársins 2011 voru Landspítala ætlaðar 32.787,4 m. kr. í ríkisframlag. Með launabótum, millifærslum og fjáráukalögum 2011 hækkuðu fjárheimildir vegna rekstrar ársins um 1.751,7 m. kr. Fjárheimildir Landspítala á árinu 2011 voru því samtals 34.539,1 m. kr.

	Fjárlög	Fjár-heimildir	Árs-reikningur	Mismunur
Laun og launatengd gjöld.....	(26.164.500)	(27.032.520)	(27.061.128)	(28.608)
Önnur rekstrargjöld og vextir.....	(8.955.400)	(13.191.423)	(9.936.805)	3.254.618
Stofnkostnaður og endurbætur.....	(755.800)	(826.475)	(1.172.787)	(346.312)
Sértekjur.....	3.088.300	6.511.318	3.636.387	(2.874.931)
Samtals	(32.787.400)	(34.539.100)	(34.534.332)	4.768

23. Hlutabréf:

Hlutfjáreign er hlutur Landspítala í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. Sá hlutur er bókaður á nafnverði. Að auki er spítalinn lítill hluthafi í átta einkahlutafélögum á Íslandi og einu félagi í Lettlandi, en þau félög teljast til sprotafyrirtækja. Landspítali hefur eignast hlutina án endurgjalds í peningalegum verðmætum, en fengið þá í stað aðstöðusköpunar, tímabundins vinnuframlags starfsmanna eða við framsal réttinda. Óvissa er talsverð um raunverulegt fjárhagslegt verðmæti flestra þessara hluta. Þeir eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi.

24. Vörubirgðir:

Bókfært verðmæti vörubirgða spítalans hækkar um 1,4% milli áranna 2010 og 2011. Birgðir í árslok 2011 eru metnar á kostnaðarverði, eftir 7,5% niðurfærslu til varúðar vegna eldri vara.

	2011	2010
Lækninga- og hjúkrunarvörur.....	175.366	156.594
Lyf.....	80.764	78.863
Rannsókn- og röntgenvörur.....	227.379	240.743
Rekstrarvörur.....	41.298	40.424
Matvæli.....	10.958	11.584
Samtals	535.765	528.208

SKÝRINGAR

25. Skammtímakröfur:

Skammtímakröfur eru einkum vegna seldrar þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands, heilbrigðisstofnana og almennings. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar útistandandi kröfur spítalans á helstu flokka skuldunauta í árslok.

	2011	2010
Heilbrigðisstofnanir.....	136.683	125.436
Sjúkratryggingar Íslands.....	330.319	510.587
Einstaklingar.....	504.090	407.475
Fyrirtæki og ýmsar stofnanir.....	143.580	196.436
Aðrar kröfur.....	168.367	67.480
Kröfur samtals	1.283.039	1.307.414
Niðurfærsla krafna.....	(155.339)	(149.190)
	1.127.700	1.158.224

26. Niðurfærsla viðskiptakrafna:

Viðskiptakröfur spítalans í árslok eru færðar niður til að mæta þekktu eða áætluðu tapi. Niðurfærslureikningur í árslok og breyting hans á árinu er sem hér segir:

	2011
Niðurfærslureikningur 1. janúar 2011.....	149.190
Gjaldfærðar afskrifaðar tapaðar kröfur 2011.....	(58.702)
Framlag í niðurfærslureikning 2011.....	64.851
Niðurfærslureikningur 31. desember 2011.....	155.339

27. Ríkissjóður:

Í efnahagsreikningi er greiðslustaða Landspítala við ríkissjóð tilgreind sérstaklega. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlags og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans. Í árslok nam skuld spítalans við ríkissjóð rúmum 2.367 m. kr. Staða og hreyfingar í þessum viðskiptum við ríkissjóð voru sem hér segir:

Staða 1. janúar 2011	(2.537.602)
Ríkisframlag	34.539.100
Mótteknar greiðslur	(34.368.286)
Staða 31. desember 2011	(2.366.788)

28. Viðskiptaskuldir:

Viðskiptaskuldir eru að stórum hluta vegna lyfjakaupa og annarra vörukaupa frá birgjum.

SKÝRINGAR

29. Fimm ára rekstraryfirlit:

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur í rekstrarafkomu og efnahag spítalans á árunum 2007-2011. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs.

Yfirlit yfir rekstur og efnahag árunna 2007-2011, á verðlagi hvers árs:

Fjárhæðir í millj.kr.

	2011	2010	2009	2008	2007
Rekstur					
Tekjur.....	3.636	3.392	3.594	2.953	2.867
Gjöld.....	(36.998)	(35.277)	(37.803)	(39.539)	(34.987)
Stofnkostnaður og endurbætur.....	(1.173)	(1.188)	(1.020)	(999)	(844)
Gjöld umfram tekjur (	34.534)	33.074)	35.229)	37.585)	32.964)
Ríkisframlag samtals.....	34.539	33.145	33.890	36.399	33.305
Tekjuafgangur (halli) ársins	5	71	(1.338)	(1.186)	341
Efnahagur					
Áhættufjármunir.....	3	3	3	3	3
Veltufjármunir.....	1.680	1.705	2.294	1.779	1.655
Eignir samtals	1.683	1.708	2.297	1.782	1.658
Höfuðstóll.....	(2.967)	(2.890)	(2.960)	(1.622)	(436)
Annað eigið fé.....	183	180	180	180	180
Skammtímaskuldir.....	4.467	4.417	5.077	3.223	1.914
Eigið fé og skuldir samtals	1.683	1.708	2.297	1.782	1.658

30. Sér sjóðir:

Landspítali hefur tekið að sér þjónustu við og fjárhagslega umsjón með ýmsum sérsjóðum, sem tengjast starfsemi spítalans. Meðal annars er um að ræða fjárstýringu, reglubundna skráningu gjaldareikninga í fjárhagsbókhald og tekjuskráningu, auk launabókhalds. Bókhald þessara sérsjóða er ekki hluti af bókhaldi Landspítala.

Þessa sérsjóði má í meginráttum flokka í tvennt:

Sjóðir með staðfesta skipulagsskrá eða sjóðsreglur

Í þessum flokki eru 69 sjóðir. Þeirra á meðal má nefna Landspítalasjóð Íslands, Vísindasjóð LSH, Berklaveikrasjóðinn Þorbjörg og Tækjakaupasjóð barnasviðs. Bankareikningar sem tilheyra þessum sjóðum eru samtals 57 og innstæða í árslok 2011 nam samtals 437,0 m. kr.

Rannsóknar- og vísindaverkefni

Fjölmarginir einstaklingar eru skráðir fyrir sérsjóðum er tengjast ýmsum sjálfstæðum rannsóknar- og vísindaverkefnum. Fjöldi bankareikninga vegna þessara sjóða í árslok 2011 er 194. Innstæður á einstökum bankareikningum eru mjög mismunandi, eða allt frá fáeinum þúsundum króna til 53 m.kr. Samtals voru innstæður á þessum reikningum í árslok 2011 um 485,6 m. kr.

SKÝRINGAR

31. Eignir utan efnahagsreiknings:

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala eru ekki eignfærðir í efnahagsreikningi, sem er í samræmi við ákvæði um A-hluta stofnanir í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Í meðfylgjandi sundurliðun er tilgreint fasteigna- og brunabótamat þeirra fasteigna, sem tilheyra spítalanum í árslok 2011.

	Fasteignamat	Brunabótamat
Hringbraut.....	10.009.608	15.567.245
Fossvogur.....	4.415.470	7.666.305
Landakot.....	1.229.600	1.991.480
Kópavogur.....	1.030.890	1.058.800
Kleppur.....	1.645.873	1.443.267
Vífilsstaðir.....	806.818	1.272.962
Grensás.....	663.752	1.060.450
Tunguháls.....	373.450	507.650
Sogn.....	79.400	288.800
Sumarhús starfsmanna.....	146.573	252.820
Aðrar eignir.....	1.726.330	2.356.342
Samtals	22.127.764	33.466.121

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir LSH utan efnahagsreiknings eru fyrst og fremst ýmis konar tæki og háþróaður búnaður, sem tengist starfsemi spítalans. Í skýringu nr. 32 má til hliðsjónar sjá þær skuldbindingar sem hvíla á LSH í árslok vegna kaupa á margs konar tækjabúnaði. Haldin er eignaskrá í samræmi við ákvæði laga.

32. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings:

Orlof og annar launatengdur frítímaréttur

Óúttekið áunnið orlof starfsmanna fyrir tímabilið maí til desember 2011 hefur verið reiknað sérstaklega, en er ekki fært í ársreikninginn samkvæmt reikningsskilavenjum hjá ríkisstofnunum. Sama á við um sérstakan frítökurétt starfsmanna spítalans. Í meðfylgjandi sundurliðun er gerð grein fyrir skuldbindingum spítalans vegna áunnins orlofs og annarra réttinda starfsmanna til frítöku í árslok 2011. Þessar skuldbindingar eru reiknaðar að meðtöldum launatengdum gjöldum.

	2011	2010
Sumarorlof.....	2.018.685	1.910.434
Hvildartímafrí.....	589.740	656.914
Vaktafrí og annar áunninn frítími.....	229.132	219.464
	2.837.557	2.786.812

SKÝRINGAR

Samningar

Sjúkrahúsið hefur gert eignaleigu- og rekstrarleigusamninga vegna fjármögnunar á kaupum á varanlegum rekstrarfjármunum en eftirstöðvar þeirra skuldbindinga eru ekki færðar í reikningsskilin. Afborganir eru gjaldfærðar við greiðslu. Eigna- eða rekstrarleigusamningar eru í flestum tilvikum gerðir í erlendri mynt og því er talsverð gengisáhætta samfara þessum skuldbindingum. Auk þessara fjármögnunarsamninga hefur spítalinn gert margs konar skuldbindandi hugbúnaðar- og þjónustusamninga vegna upplýsingakerfa. Gerð er grein fyrir helstu flokkum þessara skuldbindinga á núvirði og greiðslubyrði vegna þeirra næstu þrjú árin í meðfylgjandi yfirliti.

	Skuldbinding 31.12.2011	Til greiðslu		
		2012	2013	2014
Tölvubúnaður.....	124.879	47.045	47.045	38.725
Lækningatæki og annar tækjabúnaður.....	749.231	230.903	123.444	73.931
Samtals vegna tækja	874.110	277.948	170.489	112.656
Hugbúnaðar- og þjónustusamningar.....	615.768	198.473	197.315	196.219
Samtals	1.489.878	476.421	367.804	308.875

Endurreikningur samninga um kaup- og fjármögnunarleigu:

Í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands er óvissa til staðar um mögulegan endurreikning af hálfu fjármögnunarfyrirtækja á fjórum kaupleigu- og fjármögnunarleigusamningum í erlendri mynt, sem Landspítalinn gerði á síðasta áratug við fjármögnun tækjakaupa. Í versta falli gæti endurreikningur samninga haft í för með sér skuldbindingu um viðbótarútgjöld spítalans að fjárhæð 54,7 m. kr. Landspítali hefur ávallt staðið í skilum með greiðslur afborgana af lánasamningunum. Þessi skuldbinding er ekki færð í ársreikninginn.

Húsaleiga

Landspítalinn hefur gert nokkra húsaleigusamninga við leigusala, með mismunandi samningstíma eða uppsagnarfresti. Fjárhagslegar skuldbindingar spítalans vegna þessa næstu þrjú árin nema 495,1 m. kr. í árslok 2011.



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS